

# Fréttapistill frá forseta Íslands

12. júlí 2020

Sunnudaginn 5. júlí, fyrir rétttri viku, sóttum við Eliza afmælishátíð á Sólheimum í Grímsnesi. Þennan dag árið 1930 sló Sesselja upp tjöldum á jörðinni Hverakoti sem hún tók á leigu af barnaheimilisnefnd Þjóðkirkjunnar. Þarna fengu börn, sem nutu ekki nægrar umhyggju eða ástúðar heima fyrir, öruggt athvarf. Í tímans rás urðu Sólheimar einkum ætlaðir þroskaskertum börnum sem þurftu skjól og aðstoð en voru einnig hornreka í samfélaginu. Á sama tíma hefur sjálfbærni ætíð verið höfð að leiðarljósi á Sólheimum og ber staðurinn þess glögg merki.

Blessunarlega hefur margt breyst til batnaðar á Íslandi í málefnum þeirra sem búa við einhvers konar fötlun og þroskaskerðingu. Því má fagna en um leið skulum við virða og meta brautryðjendastarf Sesselju Sigmundsdóttur, hennar samstarfsfólks og allra annarra sem vildu láta gott af sér leiða á Sólheimum. Um okkar daga er mest áhersla lögð á að fólk með þroskaskerðingu geti tekið eins virkan þátt í samfélaginu og frekast er unnt, rekið eigið heimili og ráðið eigin lífi á sömu forsendum og aðrir. Um þetta fjallaði ég í ávarpi í afmælistessu í Sólheimakirkju og síðan nutum við hjónin dagsins með öðrum gestum og íbúum og starfslíði staðarins. Við þökkum kærlega þá gestrisni og góðvild sem við nutum þennan fallega dag.

Á mánudaginn var tók ég á móti eldri borgurum úr Reykjanesbæ. Gestirnir nutu veitinga á Bessastöðum, fræddust um sögu staðarins, kynntu sér húsakost og skoðuðu Bessastaðakirkju. Kirkjan er staðarprýði en þar má þó huga að ýmsum endurbótum.

Á fimmtudagskvöld var stærsta knattspyrnumót landsins sett á Kópavogsvelli. Ungmennafélagið Breiðablik stendur að Síamótinu og á því keppa yfir 2.400 stúlkur hvaðanæva að af landinu. Ég fylgdi liði Álftaness inn á völlinn og flutti svo stutt opunarávarp. Fjöldi sjálfboðaliða þarf til að halda viðburð af þessu tagi, undir styrkri stjórn starfsfólks, og færi ég þeim öllum miklar þakkir. Mótið var með öðru sniði í ár vegna veiruvarna og í ávarpi mínu hvatti ég foreldra, forráðamenn og alla viðstadda til að fylgja reglum og tilmælum í hvívetna. Að því loknu kynnti ég Jón Jónsson skemmtikraft og stórsöngvara til leiks.

Að morgni síðasta föstudags var knattspyrna mér enn ofarlega í huga. Þrír forsprakkar bókaútgáfunnar Krumma gengu þá á minn fund og færðu mér góða gjöf, ævisögu Jürgens Klopps, framkvæmdastjóra enska knattspyrnuliðsins Liverpool. Raphael Honigstein er höfundur ritsins og Ingunn Snædal þýddi það á íslensku. Við þetta tilefni afhenti ég gestunum sjálfsævisögu Sir Alex Ferguson, framkvæmdastjóra Manchester United um árabíl og sigursælasta stjórnanda í sögu ensku knattspyrnunnar. Hvatti ég til þess að sú bók yrði einnig gefin út á íslensku.

Síðdegis á föstudaginn var sótti ég minningarstund á Þingvöllum. Aðfaranótt 10. júlí 1970 blossaði upp eldur í forsætisráðherrabústaðnum þar. Þá létust Bjarni Benediktsson forsætisráðherra, Sigríður Björnsdóttir eiginkona hans og Benedikt Vilmundarson, fjögurra ára gamall dóttursonur þeirra. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra flutti ávarp við bautastein sem reistur var í minningu þeirra ári eftir

eldsvoðann. Sama gerði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og náfrænda nafna síns, og lagði hann blómsveig að steininum. Viðburðinn sóttu börn, niðjar og aðrir aðstandendur þeirra sem létust í brunanum, auk þingmanna, ráðherra og annarra gesta. Að athöfn lokinni var gengið til kaffisamsætis í Þingvallabænum. Fagurt var á Þingvöllum þennan dag, athöfnin látlaus og virðuleg. Blessuð sé minning Benedikts Vilmundarsonar, Bjarna Benediktssonar og Sigríður Björnsdóttur.

Sumarið 1970 var Kristján Eldjárn forseti Íslands. Að morgni 10. júlí 1970 flutti hann svohljóðandi ávarp í ríkisútvarpið: „Þau sorgartíðindi spurðust snemma morguns í dag, að forsætisráðherra, dr. Bjarni Benediktsson, kona hans frú Sigríður Björnsdóttir, og ungur dóttursonur þeirra Benedikt Vilmundarson, hefðu látið lífið, er forsætisráðherrabústaðurinn á Þingvöllum brann, þegar skammt var liðið nætur. Slíkur atburður er hörmulegri en svo, að orðum verði yfir komið. Í einu veffangi er í burtu svipt traustum forustumanni, sem um langan aldur hefur staðið í fylkingarbrjósti og verið í fyrirsvari í þjóðlífi voru, og með honum ágætri konu hans, er við hlið hans hefur staðið með sæmd og þryði, og ungum sveini, sem var yndi þeirra og eftirlæti. Hér er skarð fyrir skildi, en á þessari stundu kemst ekki annað að í huga vorum en sorg og samúð. Það er stundum sagt að íslenzku þjóðinni sé helzt að líkja við stóra fjölskyldu. Sannleik þeirra orða skynjum vér bezt á stundum mikilla tíðinda, til gleði eða sorgar. Þjóðin er harmi lostin og syrgir forsætisráðherrahjón sín. Ég mæli fyrir munn allra landsmanna, þegar ég læt í ljós djúpa hryggð mína og votta börnum og allri fjölskyldu þeirra hjónanna samúð, svo og öllum þeim öðrum, er nú syrgja sveininn unga.“

Degi síðar festi Kristján Eldjárn á blað nokkrar hugleiðingar sínar um forsætisráðherra. Ég birti þau að hluta í bók minni, Völundarhús valdsins, sem fjallaði um stjórnarmyndanir og stjórnarslit í forsetatíð Kristjáns. Hér vitna ég ögn ítarlegar í þau: „Vitanlega var mér vel ljóst áður, hve stór partur af nútíma sögu okkur er tengdur þessum manni, en maður skilur það enn betur þegar hann er horfinn, og vissulega mun skarð hans standa ófyllt enn um sinn. Ef til vill mætti segja að ekki hefði sakað að eitthvað af þeim fögru orðum, sem nú eru sögð og skrifuð, hefðu verið látin falla í lifanda lífi um Bjarna ... Persónulega hef ég misst mikið með Bjarna, hann var mér alltaf einstaklega góður og hollur, alla tíð, og kunni ég ekki hvað síst að meta það þessi síðustu tvö ár. Það var eitthvað föðurlegt við hann, og vafalítið mun ég ekki finna til slíks framar í sambandi við stjórnámálamenn. Ég sakna hans mjög mikið, fyrir allra hluta sakir, og láti nú guð honum raun lofi betri.“

Kristján Eldjárn var með í för á sínum tíma þegar bautasteinninn, sem reistur var á lóð konungshússins í minningu hinna látnu, var valinn. Hann samdi einnig textann á minnisvarðann.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar nú sem endranær.